Meffí fyrir bí?

Í nýju tölublaði kvikmyndatímaritsins Hollywood Reporter er birt sérstök skýrsla yfir kvikmyndir í bígerð, vinnslu og dreifingu, svokallað „Film Market Special".

Þar er m.a. sagt frá myndum sem fyrirtækið SC Entertainment í Toronto er með á prjónunum en það yfirtók á sínum tíma handrit þeirra Hilmars Oddssonar og Jóhanns Sigurðarsonar að kvikmyndinni Meffí.

Eins og sagt var frá á sínum tíma tók handrit Hilmars og Jóhanns gagngerum breytingum í meðförum þeirra aðila, fyrst bandarískra og síðan kanadískra, sem lýst höfðu yfir áhuga á myndinni, og á endanum brugðu þeir á það ráð að slíta samstarfinu. Hins vegar kom Jón Ólafsson í Skífunni inn í dæmið sem fjármögnunaraðili.


Í Hollywood Reporter er Meffí kynnt undir sínu upprunalega nafni sögð kanadísk og Hilmar er titlaður leikstjóri. Söguþræði myndarinnar er lýst á eftirfarandi hátt: „Fyrir slysni er eiturlyfjafarmur sendur til Íslands og kemur þar af stað æsilegri atburðarás, mannráni, mútugreiðslum og morði."

Það kom Hilmari á óvart að heyra að hann skyldi enn vera bendlaður við Meffí.

„Það mál er varla til umræðu lengur. Allt bendir til þess að við séum alveg út úr myndinni. Sjálfur ákvað ég að kúpla mig alveg út úr öllu saman eftir ótal breytingar á handriti og stöðugar tafir á framkvæmdum. Ég á því engra hagsmuna að gæta í þessu máli. Jón Ólafsson er hins vegar aðili að því ennþá."



Hilmar Oddsson: „Maður verður að standa við sannfæringu sína."



Hjálmar Hjálmarsson, Þröstur Leó Gunnarsson og Helgi Björnsson, sem leika áttu bræðurna þrjá í Meffí.

Spennan aðalatriði

Hve mikið er eftir af upphaflegum söguþræði í handritinu að Meffí eins og það er í dag ?

„Það má segja að stefið sé það sama en tóntegundin önnur. Frá okkar hendi var þetta einlæg saga þriggja vina með ákveðnu spennuívafi. Vinirnir eru enn inni í dæminu en spennuívafið hefur verið gert að aðalatriði handritsins. Þannig verður frásagnarstíllinn allt annar og æsilegri."

En mundi Hilmar gera mynd eftir þessu æsilega handriti ef Kanadamenn bæðu hann um það og byðu honum háar fjárhæðir?

„Nú erum við farnir að gefa okkur svo margar og óljósar forsendur. Eins og stendur sé ég ekki þann möguleika fyrir mér. Maður verður að standa við sannfæringu sína."

Geta Kanadamenn sjálfir framleitt kvikmyndina undir upprunalegu nafni?

„Því trúi ég ekki fyrr en ég tek á því. Við Jóhann hljótum að minnsta kosti að eiga nafnið."

Tapaður tími

Sér Hilmar eftir þessu Meffí-ævintýri?

„Ég sé eftir tímanum sem fór í það. Það má segja að ég hafi misst úr 2–3 þroskaár í kvikmyndagerðinni. Ef til vill geri ég mynd númer þrjú á undan mynd númer tvö."

Jón Ólafsson vildi fátt um Meffí segja.

„Það mál er í biðstöðu. Stjórnvöld hér vildu ekki styðja gerð myndar sem hægt væri að selja á alþjóðlegum kvikmyndamarkaði og á því strandaði allt saman, að minnsta kosti í bili. Það er hins vegar búið að eyða allt of miklu í þessa mynd til að hætta við hana.

Ég á þá ósk eina að Meffí verði gerð og er að vinna að fjármögnun hennar." -ai

Myndir & hugmyndir

Það er hugumstór, ungur listamaður sem nú sýnir verk sín að Kjarvalsstöðum. Guðjón Bjarnason heitir maðurinn, hámenntaður bæði í byggingarlist og myndlist frá Bandaríkjunum, en hefur til þessa ekki látið til sín taka á íslenskum myndlistarvettvangi.

En það gerir hann nú og með meiri tilþrifum en maður á að venjast af nýlega heimkomnum listamanni. Á sýningu hans eru samtals 90 verk, bæði tví- og þrívíð, og teygja þau sig bæði yfir austursal hússins og gang og allar götur út í port.

Sjálf eru flest verkin mikilla stærða og virðast spanna yfir álíka mikið hugsanasvið, ef marka má tilskrif eftir höfund sem liggur frammi við innganginn.

Við okkur blasa mjög áferðarmikil verk sem hvert og eitt virðist eins og sérstakur efnisheimur. Málningin liggur í taumum og slettum upp um alla fleti, hvert lagið ofan á öðru, og þar við bætast ýmiss konar aukaefni sem listamaðurinn hefur tínt upp af götu sinni og gert sér mat úr.


Þessi áferð er yfirleitt dökk og mött og seint mundi hún vera kölluð aðlaðandi, en gáruð er hún með silfurfarfa eða gulli. Þessi farfi myndar nokkurs konar útlínuteikningu ofan á öllu saman, eða þá að djarfar fyrir henni undir ímleitum efnismassanum, eins og leifum fornrar menningar. Á einum stað í bæklingi sínum líkir Guðjón listsköpun sinni raunar við fornleifagröft.

Hvað gullið og silfrið eiga nákvæmlega að fyrirstilla veit ég ekki gjörla, en grunar að listamaðurinn sé hér að spila á alkemíska – eða ummyndunarlega – þýðingu þeirra.

Út úr glundroðanum

En innan þessarar ringulreiðar, eða „materia", eins og höfundur kýs að nefna hana (og birtist hrá í myndröðinni „Materia mundi", nr. 12–79), blundar rökhyggja sem gefur dumbum glundroðanum mál og merkingu.

Þar á ég fyrst og fremst við lárétta og lóðrétta skiptinguna innan hvers myndflatar, þvertré sem minna á sjónhring, lóðréttar fjalir fyrir uppréttar manneskjur, krosstré sem er augljóslega tragísk áréttíng, svo og ferhyrnda kassa/glugga sem láta að því liggja að sérhver mynd dylji meira en hún sýnir, eigi sér beinlínis dulvitund.



Guðjón Bjarnason ásamt myndröð sinni „Materia mundi". DV-mynd GVA

Allar eru þessar viðbætur með konstrúktífu yfirbragði, trjáviðir eru grófir, naglar og skrúfboltar blasa við, og öll samsetning liggur í augum uppi. Ef til vill ekki nema von, þar sem arkitekt á í hlut.

Endanlega ólokið

En um leið ber hver samsetning í sér kím eigin upplausnar, þar sem hún sýnir einnig hvernig hægt er að hluta verkin niður í frumparta sína.

Því eru verk Guðjóns yfirleitt eins og til bráðabirgða, endanlega ólokið, en þannig lýsti Duchamp eigin verkum. Þetta er kannski hin harmræna niðurstaða allrar listsköpunar. Hún er aldrei til lykta leidd og gengur sífellt á snið við kjarna hlutanna, hvernig sem menn leggja sig fram.

Guðjón Bjarnason fær fleira en eitt prik fyrir einurð og heiðarlega úrvinnslu á því kenningakerfi sem hann hefur komið sér upp. Verk hans eru markverð viðbót við þá myndlist sem viðgengst hér á landi. Ég er hins vegar ekki viss um að ég hefði hjálparlaust náð að lesa þær merkingar út úr verkum hans sem ég gerði.

Næsta skrefið á listferli Guðjóns hlýtur að vera að steypa saman hugmynd og mynd svo ekki sjáist í samskeytin.

Kynning á tónlistargagnrýnanda DV

Við viljum vekja sérstaka athygli á Kvöldstund með tónskáldi, sem fram fer í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar annað kvöld, 20 mars. Þar verða kynntar tónsmíðar eftir Áskel Másson sem verið hefur tónlistargagnrýnandi DV síðan á haustmánuðum.

Nokkrir hljóðfæraleikarar, þar á meðal Áskell sjálfur, munu flytja tvö kammerverk eftir tónskáldið en önnur verk verða flutt af hljómböndum.

Áskell ræðir um tónsmíðar sínar og gestum gefst kostur á að spyrja um tilurð þeirra og annað er þá lystir.

Sýning á verkum Áskels verður á 2. hæð safnsins.

María Kjarval myndskreytir „Magasinet".

Í svokölluðu „Magasíni", sem er fylgirit sunnudagsútgáfu Politiken í Danmörku, er til siðs að birta frumsamdar smásögur og láta þekkta listamenn myndskreyta þær.

Þykir nokkur heiður að fá inni í þessu blaði með sögur eða myndir.

Sunnudaginn 11. mars birtist í blaðinu saga eftir dönsku skáldkonuna Anne Strandvad og með henni stór litmynd eftir Maríu Kjarval, sem er yngst barna Sveins heitins Kjarval húsgagnaarkitekts.

Laxnessklúbburinn

Laxnessklúbbur bókaútgáfunnar Vöku-Helgafells er nú tekinn til starfa og gefur út að nýju endurprentanir á tveimur ástsælustu skáldsögum Halldórs Laxness, Sölku Völku og Brekkukotsannál.

Eru bækurnar með því sígilda yfirbragði sem verið hefur á ritsafni skáldsins en með nýjum kápumyndum.

Laxnessklúbburinn var stofnaður á síðastliðnu hausti í tilefni af 70 ára rithöfundarafmæli skáldsins. Kynningarrit um verk hans verða gefin út mánaðarlega fyrir félagsmenn auk þess sem þeir geta keypt þau á lægra verði en gildir á almennum markaði.

Framkvæmdastjóri norræna kvikmyndasjóðsins

Eins og sagt var frá í fréttum fyrir nokkrum vikum hafa Norðurlöndin ákveðið að stofna sérstakan og öflugan kvikmyndasjóð.

Í fyrradag var Bengt Forslund, framleiðandi margra norrænna verðlaunakvikmynda, ráðinn framkvæmdastjóri Norræna kvikmyndasjóðsins til næstu fjögurra ára.

Forslund er mörgum íslenskum kvikmyndaáhugamönnum að góðu kunnur. Árið 1959 stofnaði hann kvikmyndatímaritið Chaplin og hefur skrifað doktorsritgerð um Victor Sjöström.

Fjórar kiljur fyrir slikk

Þar sem nýlokið er útsölumarkaði á íslenskum bókum er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að segja frá öðrum reyfarakaupum sem fólk getur gert á bókum.

Þó stenst skrifari ekki mátið þar sem hann er nú með í höndunum fjórar nýjar kiljur frá Uglu, Íslenska kiljuklúbbnum, skáldsöguna Mín káta angist eftir Guðmund Andra Thorsson, verðlaunaljóðabók Stefáns Harðar Grímssonar, Yfir heiðan morgun, Óbærilegan léttleika tilverunnar eftir Milan Kundera og loks hreinræktaða spennusögu, Í vígahug eftir hina góðkunnu P.D. James.

Og allt þetta á aðeins 895 krónur.